



cutting through complexity™

Reikningsskila- og upplýsinganefnd

Álit 1/2012

Flæði fjármagns vegna yfirfærslu á
málefnum fatlaðs fólks

Um nefndina er fjallað í 74. – 76. gr. sveitarstjórnarlaga nr 138/2011

74. gr. Reikningsskila- og upplýsinganefnd.

Ráðherra skipar fimm manna reikningsskila- og upplýsinganefnd sveitarfélaga til fimm ára í senn. Nefndarmenn skulu hafa þekkingu á reikningsskilum sveitarfélaga. Tvo skal skipa samkvæmt tilnefningu Sambands íslenskra sveitarfélaga, einn samkvæmt tillögu Hagstofu Íslands og tvo án tilnefningar. Skal annar þeirra vera löggiltur endurskoðandi. Fimm varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Ráðherra skipar formann nefndarinnar.

Nefndin skal í störfum sínum stuðla að samræmingu í reikningsskilum sveitarfélaga og öðrum fjárhagslegum ráðstöfunum þeirra. Þá sinnir hún öðrum verkefnum sem ráðherra felur henni á þessu sviði.

Um nefndina er fjallað í 74. – 76. gr. sveitarstjórnarlaga nr 138/2011

75. gr. Reglur um bókhald og reikningsskil.

Að fengnum tillögum reikningsskila- og upplýsinganefndar skal ráðherra setja reglugerð um:

1. bókhald sveitarfélaga, þar á meðal um samræmdan upplýsingalykil,
2. vinnslu, meðferð, form og efni fjárhagsáætlana,
3. vinnslu, meðferð, form og innihald ársreiknings og meðferð á skýrslum endurskoðanda um hann.

Reikningsskila- og upplýsinganefnd getur eftir því sem tilefni er til gefið út nánari leiðbeiningar og álit um bókhald, fjárhagsáætlanir og reikningsskil sveitarfélaga.

Um nefndina er fjallað í 74. – 76. gr. sveitarstjórnarlaga nr 138/2011

76. gr. Skil á upplýsingum um fjármál.

Fjárhagsáætlanir skal senda ráðuneytinu innan 15 daga frá afgreiðslu þeirra. Hið sama á við um viðauka sem eru gerðir við slíkar áætlanir. Ársreikning sveitarfélags, ásamt skýrslu endurskoðanda, skal senda ráðuneytinu og Hagstofu Íslands ekki síðar en 20. maí ár hvert. Álit endurskoðanda skv. 73. gr. skal hann sjálfur senda ráðuneytinu jafnskjótt og það er afhent sveitarfélagi.

Að fengnum tillögum reikningsskila- og upplýsinganefndar skal ráðherra setja reglugerð um ársfjórðungsleg skil sveitarfélaga á upplýsingum úr bókhaldi og reikningsskilum til afnota fyrir ráðuneytið, aðra opinbera aðila og Samband íslenskra sveitarfélaga. Í reglugerð skal m.a. mælt fyrir um framsetningu og form slíkra upplýsinga, sem og um rafræn skil þeirra eftir því sem við á. Haft skal samráð við Hagstofu Íslands um setningu reglugerðarinnar.

Við yfirfærslu til sveitarfélaga var útsvar hækkað um 1,2%.

- **0,95% greiðast beint til Jöfnunarsjóðs**
- **0,25% greiðast til sveitarfélaga**


Jöfnunarsjóður deilir fjármunum til sveitarfélaga, byggðasamlaga, samreksturs sveitarfélaga eftir ákveðnum aðferðum.

Mikilvægt er að átta sig á að

útteiling, greiðslur, Jöfnunarsjóðs á fjármunum eru í öðrum hlutföllum en skatttekjur sveitarfélaganna.

Fjármögnun á málefnum fatlaðra eftir að málaflokkurinn flutti frá ríki til sveitarfélaga 1. jan. 2011.

RoU
18. jan. 2012.



Þjónustusvæði um málefni fatlaðs fólks	Greiðslur áætlaðra almennra framlaga árið 2011	Framlög vegna breytinga-kostnaðar	Framlög vegna lengdrar viðveru	NPA (óhafið 31. des. 2011)	Fasteigna-sjóður	Samtals
Reykjavíkuborg og Seltjarnarneskaupstaður	3.208.804.481	28.858.364	38.226.627			3.275.889.472
Kópavogsbær	366.860.975	8.614.164	7.009.784			382.484.923
Garðabær og Sveitarfélagið Álftanes	190.905.549	6.758.242	1.844.698			199.508.489
Hafnarfjarðarkaupstaður	628.818.949	9.420.024	4.918.938			643.157.911
Mosfellsbær og Kjósarhreppur	553.281.171	7.197.802	1.909.976			562.388.949
Suðurnes	216.091.778	8.199.023	6.093.025			230.383.826
Vesturland	260.075.432	7.368.742	10.714.757			278.158.931
Vestfirðir	187.455.356	6.098.901	1.136.998			194.691.255
Norðurland vestra	348.883.254	4.417.582	4.950.554			358.251.390
Eyja fjörður	917.155.729	8.129.426	4.884.379			930.169.534
Þingeyjarsýslur	112.839.946	3.074.481	654.395			116.568.822
Austurland	227.187.187	6.880.342	713.456			234.780.985
Sveitarfélagið Hornafjörður	65.738.304	2.610.501	0			68.348.805
Suðurland	698.476.496	19.944.444	4.652.273			723.073.213
Vestmannaeyjabær	82.248.462	2.927.961	1.290.140			86.466.563
	8.064.823.069	130.500.000	89.000.000	51.000.000	0	8.335.323.069
Annað						
Sumardvöl í Reykjadal	10.100.000					10.100.000
Orlofsdvöl að Laugalandi í Holtum	11.900.000					11.900.000
Gistiheimlið Melgerði 7, Kópavogi	4.066.000					4.066.000
Breytingakostnaður						
Ýmiss kostnaður samfara yfirf. mál. fatlaðs fólks		36.542.033				36.542.033
Óhafið 31. des. 2011		33.957.968				33.957.968
Fasteignasjóður Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga						
Framlög					348.336.000	348.336.000
Gjöld samtals	8.090.889.069	201.000.001	89.000.000	51.000.000	348.336.000	8.780.225.070

Samkvæmt álitinu skal greina rekstur við verkefnið í eftirfarandi liði:

- 02-50** þjónusta við fatlaða
- 02-51** sameiginlegir liðir
- 02-52** liðveisla
- 02-53** félagsleg heimaþjónusta
- 02-54** ferðaþjónusta fatlaðra
- 02-56** búseta
- 02-57** skammtímvistun fyrir fatlaða
- 02-58** dagþjónusta fyrir fatlaða
- 02-59** önnur þjónusta við fatlaða (t.d. framlag til byggðasamlaga)

- **Álit nefndarinnar er að eðlilegast hefði verið og í samræmi við tvö stjórnsýslustig að allar greiðslur væru alfarið til sveitarfélaganna.**
- **Mótakandi greiðslu, hvort heldur það er sveitarfélag eða aðili sem sveitarfélagið hefur falið að sjá um málefni fatlaðs fólks verður að geta gert nákvæma grein fyrir ráðstöfun fjármuna er tilheyra málaflokknum.**
- **Vegna núverandi framkvæmdar vill RoU beina því til þjónustusvæðanna að hafa upplýsingagjöf til sveitarfélaganna, vegna reikningsskilanna um málefni fatlaðs fólks, með þeim hætti að tryggt sé að reikningshald þeirra sé fullnægjandi og samræmt. Þetta hefur mikla þýðingu varðandi almennt uppgjör sveitarfélaga, þjóðhagsuppgjör og kostnaðarmat á framkvæmd verkefnisins sem fyrirhugað er á árinu 2014.**

Tekjur:

Tekjur Jöfnunarsjóðs, 0,95% hækkun á útsvari

Tekjur sveitarfélaga 0,25% hækkun á útsvari

Önnur framlög frá Jöfnunarsjóði

Þjónustutekjur

Gjöld:

Kostnaður einstakra sveitarfélaga

Kostnaður byggðasamlaga og stofnana sem annast þjónustu við fatlað fólk

Hvernig nálgumst við uppgjör verkefnisins

- **Með því að leggja saman fjárhæðir úr ársreikningum sveitarfélaga ?**
 - Vantar upplýsingar um kostnað einstakra byggðasamlaga og stofnana.
 - Sveitarfélögin færa með mismunandi hætti hlutdeild sína í rekstri byggðasamlaga.
- Nær engar líkur eru á að sjá heildaruppgjör á málaflokknum þar sem sumar stofnanir og byggðasamlög eru utan við rekstur sveitarfélaga.

- **Með sérstöku uppgjöri á verkefninu:**

Þar sem stemmdar yrðu af heildartekjur og heildargjöld verkefnisins.

Innri millifærslur yrðu færðar út.

Takk fyrir